

1. gr. Nafn

Félagið heitir Kvenréttindafélags Íslands, skammstafað KRFÍ. Heimili þess og varnarþing er að Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, Túngötu 14, Reykjavík.

2. gr. Stefna

Markmið félagsins er að vinna að kvenréttindum og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins. Félagið leggur áherslu á mannréttindi í víðum skilningi og vinnur gegn hvers konar mismunun. Félagið vinnur samkvæmt stefnuskrá sem samþykkt er á aðalfundi.

3. gr. Aðild að alþjóðasamtökum

Félagið á aðild að Alþjóðasambandi kvenréttindafélaga (International Alliance of Women – IAW) og Hagsmunasamtökum evrópskra kvenna (European Women's Lobby – EWL).

4. gr. Félagsaðild að KRFÍ

Félagar í KRFÍ geta orðið:

- a. Einstaklingar sem vilja vinna samkvæmt lögum félagsins og stefnuskrá. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda á vefsíðu KRFÍ.
- b. Kvenréttindafélög og önnur almannaheillafélög sem vinna að sambærilegum stefnumálum og KRFÍ. Umsókn um inngöngu í félagið skal senda stjórn KRFÍ sem samþykkir eða synjar aðild á stjórnarfundum. Ákvörðun stjórnar um aðild skal staðfest á aðalfundi.

Félagar, þar á meðal aðildarfélagum, sem starfar gegn stefnu og markmiðum KRFÍ, er hægt að vísa úr félaginu á aðalfundi, með einföldum meirihluta greiddra atkvæða.

5. gr. Félagsgjöld

Aðalfundur ákveður félagsgjöld. Greiði félagar eða aðildarfélag ekki gjöld sín í samfleytt 2 ár er heimilt að strika nöfn þeirra út af félagaskrá.

6. gr. Aðalfundur

Aðalfundur skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og skal boða félagar með tölvupósti skv. netfangaskrá félagsins, sem varðveitt er í félagaskrá, og með auglýsingu á vefsíðu félagsins, með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Aðalfundur KRFÍ er jafnframt aðalfundur Menningar- og minningarsjóðs kvenna (MMK).

Með fundarboði skal senda tillögur um lagabreytingar, ef einhverjar eru.

Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

Framboð til stjórnarsetu og setu í nefndum og samtökum fyrir hönd KRFÍ skal berast til kjörnefndar viku fyrir boðaðan aðalfund. Kosningar eru bindandi og leynilegar ef stungið er upp á fleirum en kjósa skal.

Tillögur og ályktanir skulu berast til stjórnar viku fyrir boðaðan aðalfund.

Atkvæðisrétt og kjörgengi á aðalfundi, þar á meðal í nefndir og samtök sem KRFÍ á aðild að, hafa aðeins skuldlausir félagar.

Aðildarfélög hafa hvert rétt á að tilnefna einn fulltrúa með atkvæðisrétt.

Einfaldur meirihluti mættra félaga með atkvæðisrétt ræður úrslitum mála, nema annað sé tiltekið.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Setning aðalfundar
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Lögmæti fundarins staðfest
4. Skýrsla stjórnar KRFÍ lögð fram með kafla um störf nefnda og samtaka
5. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
6. Ákvörðun tekin um upphæð félagsgjalds, sbr. 5. gr
7. Tillögur um framkomnar lagabreytingar
8. Kosning formanns, sbr. 9. gr.
9. Kosning stjórnar, sbr. 9. gr.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
11. Kosning stjórnar MMK, sbr. 12. gr
12. Kosning fulltrúa í nefndir og samtök sem KRFÍ á aðild að, þar á meðal aðal- og varafulltrúa á aðalfund EWL.
13. Önnur mál
14. Fundi slitið

7. gr. Lagabreytingar

Breytingar á lögum ganga í gildi þegar þær hafa hlotið samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi.

8. gr. Kjörnefnd

Eigi síðar en mánuði fyrir aðalfund skal stjórn skipa þrjá féлага í kjörnefnd sem tryggir framboð til stjórnarkjörs. Tillögur nefndarinnar skulu liggja frammi á skrifstofu KRFÍ tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu félagar skila tillögum sínum þangað eigi síðar en viku fyrir aðalfund.

9. gr. Stjórn KRFÍ

Stjórn KRFÍ er kosin á aðalfundi og samanstendur af formanni og sex stjórnarmönnum kosnum til tveggja ára, og þremur varamönnum kosnum til eins árs í senn.

Aðalfundur kýs formann og þrjá stjórnarmenn á ári með oddatölu og þrjá stjórnarmenn á ári með sléttri tölu. Aðalfundur kýs einnig þrjá varamenn í stjórn til eins árs í senn.

Stjórn KRFÍ skiptir með sér verkum og setur sér starfsreglur. Hún markar stefnu félagsins utan aðalfunda, hefur eftirlit með fjárreiðum og rekstri þess og skipar í starfshópa EWL. Stjórn KRFÍ fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda.

Stjórn skal undirbúa aðalfund og aðra félagsfundi.

Stjórn KRFÍ fundar minnst sex sinnum á ári. Ákvarðanir á stjórnarfundi eru teknar með einföldum meirihluta. Ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði formanns.

Enginn skal sitja sem aðalmaður í stjórn KRFÍ lengur en tíu ár samfelldt né sem varamaður lengur en fimm ár samfelldt.

Formaður, stjórn og framkvæmdastýra eru málsvarar KRFÍ út á við.

10. gr. Reikningar KRFÍ

Stjórn KRFÍ ber ábyrgð á fjárreiðum félagsins. Reikningshald félagssjóðs og blaðsjóðs *19. júní* skal vera aðskilið. Reikningsár skal vera almanaksárið.

11. gr. Starfsfólk KRFÍ

Stjórn KRFÍ ræður framkvæmdastýru Kvenréttindafélags Íslands og annað starfsfólk. Framkvæmdastýra, í umboði stjórnar, ber ábyrgð á daglegum rekstri og sér um að stefnu sem stjórn og aðalfundur markar sé framfylgt.

12. gr. Menningar og minningarsjóður kvenna (MMK)

Aðalfundur kýs stjórn MMK í samræmi við skipulagsskrá sjóðsins. Stjórn MMK leggur fram skýrslu um störf sín og setur sér starfsreglur.

13. gr. 19. júní

KRFÍ gefur út tímaritið *19. júní* sem kemur út 19. júní ár hvert. Stjórn skipar ritnefnd blaðsins.

14. gr. Kvennaheimilið Hallveigarstaðir

Stjórn KRFÍ skipar fulltrúa í stjórn Kvennaheimilisins Hallveigarstaða sbr. reglugerð Kvennaheimilisins Hallveigarstaða.

15. gr. Félagsfundir

Félagsfundir skulu haldnir þegar þörf krefur eða þegar tveir stjórnarmenn, endurskoðandi eða að minnsta kosti tuttugu félagar óska þess. Á félagsfundum má fjalla um öll þau mál er KRFÍ varðar. Til félagsfunda skal boða með að minnsta kosti sjö daga fyrirvara, skv. netfangaskrá félagsins, sem varðveitt er í félagaskrá, og með auglýsingu á vefsíðu félagsins.

16. gr. Varðveisla gagna

Verðmæt skjöl og sögulegar heimildir um félagið varðveitast í Kvennasögusafni Íslands.

17. gr. Félagsslit

KRFÍ verður lagt niður þegar það hefur náð markmiðum sínum eða með samþykki 2/3 hluta greiddra atkvæða á aðalfundi tvö ár í röð. Verði KRFÍ lagt niður skulu eignir þess, þar með talinn hlutur þess í Kvennaheimilinu Hallveigarstöðum, renna til Menningar- og minningarsjóðs kvenna.